

Skíðasamband Íslands

Þinggerð 74. Skíðapings



Haldið í Húsi frítímans
á Sauðárkróki
20. og 21. október 2023

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit

1)	Þingsetning	2
2)	Kosning þingforseta	2
3)	Kosning þingritara	2
4)	Kosning í kjörbréfanefnd og kjörnefnd	2
5)	Heiðursviðurkenningar SKÍ	2
6)	Ávörp gesta	2
7)	Skýrsla stjórnar og nefnda	2
8)	Ársreikningur SKÍ	3
9)	Álit kjörbréfanefndar	3
10)	Umræða um skýrslu stjórnar og ársreikninga	3
11)	Afgreiðsla reikninga	3
12)	Fjárhagsáætlun lögð fram	3
13)	Mælt fyrir tillögum og þeim vísað til nefnda	4
14)	Þinginu skipt upp í nefndir / málstofur kynntar	4
15)	Tillögur og ályktanir afgreiddar	5
16)	Kosningar	9
17)	Kosning fulltrúa á næsta reglulega þingi ÍSÍ	9
18)	Önnur mál	9
19)	Þingslit	10

Föstudagur 20. október

1) Þingsetning

Bjarni Th. Bjarnason, formaður SKÍ, setti 74. þing SKÍ og bauð gesti og þingfulltrúa velkomin.

2) Kosning þingforseta

Formaður lagði til eftirtalda sem þingforseta og þingritara:

Þingforseti: Viggó Jónsson og Sigurður Bjarni Rafnsson sem annar þingforseti.

Tilnefningar samþykktar með lófaklappi.

Þingforseti, *Viggó Jónsson*, þakkaði fundarmönnum traustið og gekk beint til dagskrár.

Þingforseti staðfesti að löglega væri til þingsins boðað.

3) Kosning þingritara

Þingritari: Hildur Haraldsdóttir og Jónas Egilsson sem annar þingritari.

Tilnefningar samþykktar með lófaklappi.

4) Kosning í kjörbréfanefnd og kjörnefnd

Tilnefnd í kjörbréfanefnd voru þau: Katrín Einarsdóttir, Davíð Björnsson og Ólafur Björnsson .

Samþykkt með lófaklappi.

Þingforseti kallar eftir kjörbréfum sem á að skila til ritara þingsins eða formann kjörbréfanefndar.

Kjörnefnd vegna kosninga á þingi 2023, skv. 3. ml. 5. gr. laga SKÍ, var skipuð af stjórn. Hana skipa: Selma Árnadóttir formaður, Fannar Gíslason og Kristján Hauksson.

Samþykkt með lófaklappi.

5) Heiðursviðurkenningar SKÍ

Formaður veitti eftirtöldum gullmerki SKÍ fyrir vel unnin störf í þágu hreyfingarinnar:

- Sigurður Bjarni Rafnsson, gullmerki.
- Magnús Hafsteinn Hinriksson, silfurmerki.
- Helga Daníelsdóttir, silfurmerki.
- Hildur Haraldsdóttir, silfurmerki.
- Sigurður Hauksson, silfurmerki.
- Sveitarfélagið Skagafjörður, þakkarskjöldur.
- Fisk Seafood, þakkarskjöldur.
- Kaupfélag Skagfirðinga, þakkarskjöldur.

6) Ávörp gesta

Viðar Sigurjónsson frá ÍSÍ, bar góðar kveðjur frá forseta, framkvæmdastjórn og starfsmönnum ÍSÍ. Þakkar gott samstarf, ræðir starfsemi ÍSÍ og fleiri mál.

7) Skýrsla stjórnar og nefnda

Formaður sambandsins, *Bjarni Th. Bjarnason*, fór yfir skýrslu stjórnar. Skýrslan er birt á heimasíðu sambandsins.

Sigurður Nikulásson fór yfir skýrslu alpagreinaneftndar.

Einar Ólafsson fór yfir skýrslu skíðagöngunefndar.

8) Ársreikningur SKÍ

Jónas Egilsson, framkvæmdastjóri lagði fram ársreikninga 2022. Þeir eru birtir á heimasíðu sambandsins.

9) Álit kjörbréfanefndar

Katrín Einarsdóttir, formaður kjörbréfanefndar, kynnti niðurstöður kjörbréfanefndar. Alls eru 36 þingfulltrúar mættir frá 16 félögum sem fara með 36 atkvæði á þinginu. Til að fá samþykki fyrir 2/3 hluta atkvæðagreiðslu (sem þarf fyrir lagabreytingar) þarf því 24 atkvæði og en skipting við hreinan meirihluta atkvæða við 19 atkvæði.

10) Umræða um skýrslu stjórnar og ársreikninga

Einar Ólafsson tekur til máls, segir frá ýmsum skíðabúnaði.

Sveinn frá Dalvík tekur til máls. Spyr um nýtt mótakerfi, eftirlitsmenn á alpagreinamótum hvað vill stjórn gera í því? Verður ráðinn einhver í það. Verðlaunaafhending á bikarmóti, verðlaun voru föst í frakt á þeim tíma og spyr hvort það sé búið að afhenda verðlaunum.

Guðmundur Guðjónsson KR tekur til máls og vill vita hvar skammtímakröfur liggja? Spyr út í skýrslu stjórnar v/kostnaðar í alpagreinum.

Jónas Egilsson svarar spurningum. Mótakerfi: það verður námskeið til að kenna á kerfið. Eftirlitsmenn: það eru þeir á eftirlitsnámskeiði þessa helgina. Þurfum vissulega fleiri. Verðlaunin: verðlaunin eru enn útistandandi. Skammtímakröfur: upplýsingar komu seint og gjöld voru borguð seint og illa. Aðalega mótagjöld í alpagreinum sem eru útistandandi og æfingagjöld EYOF og annarra móta.

Óskar formaður á Dalvík tekur til máls. Leggur til að þeir sem skuldi SKÍ eigi ekki að fá atkvæðisrétt.

Sigurður Nikulásson tekur til máls. Útskýrir hvers vegna sé mikill kostnaður útistandandi.

Einar Ólafsson tekur aftur til máls. Vill þakka Jón Viðari fyrir vel unnin störf.

Sigríður Lára frá Ísafirði. Vill heyra frá stjórn frekari útskýringar.

Jónas Egilsson tekur til máls. Vill áréttta að hann átti gott samstarf við fráfarandi einstaklinga.

Guðmundur Guðjónsson KR tekur til máls. Vill ítreka að stjórn geri grein fyrir af hverju það eru enn ógreiddar ferðir enn tveimur árum seinna.

Bjarni Th. Bjarnason, formaður sambandsins tekur til orða. Svarar vegna ferða sem ekki voru innheimtar. Var ekki kunnugt um þennan kostnað þegar nýr framkvæmdastjóri tók við. Fráfarandi framkvæmdastjóri fer í veikindaleyfi og þá fer í gang nýtt ráðningarferli og einnig covid ástand áður. Margt sem spilar inn í af hverju þetta fór svona.

11) Afgreiðsla reikninga

Þingforseti bar ársreikning sambandsins 2022 undir atkvæði og eru þeir samþykktir með samhljóða.

12) Fjárhagsáætlun lögð fram

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2023 var kynnt af *Jónasi Egilssyni framkvæmdastjóra SKÍ*, en öll þingskjöl eru birt á heimasíðu sambandsins.

Spurning úr sal: Eftirlitsmannakostnaður. Snjóþremmót v/kostnaðar sem fylgir að halda mót.

Jónas Egilsson svara að kostnaður hefur ekki verið að standa undir sér. Kostnaðarsamt að halda þremmót.

Einar Ólafsson tekur til máls og segir hugmyndum að keppendur leigi tímatökuflokkur út keppnistímabilið og lækka þar með kostnað við tímatöku. Hann óskar eftir því að ný tillaga verði tekin

til umræðu og afgreiðslu á þinginu sem ekki var send út með gögnum, um breytingu á reglugerð um Bikargöngu SKÍ.

13) Mælt fyrir tillögum og þeim vísað til nefnda

Þingskjal nr. 1 – Fjárhagsáætlun 2024. Vísað til allra nefnda.

Þingskjal nr. 2 – Gjaldskrá SKÍ. Vísað til allra nefnda.

Þingskjal nr. 3 – Tillaga til breytinga á lögum SKÍ, á 1. gr. staflið A. Vísað til allsherjarnefndar

Þingskjal nr. 4 – Tillaga til breytinga á lögum SKÍ, á 1. gr. staflið B. Vísað til allsherjarnefndar

Þingskjal nr. 5 – Tillaga til breytinga á reglugerð um Íslandsgöngu. Vísað til skíðagöngunefndar

Þingskjal nr. 6 – Tillaga til breytinga á reglugerð um UMÍ. Vísað til alpagreinaneftndar

Þingskjal nr. 7 – Tillaga að ályktun um innleiðingu á mótakerfi SKÍ. Vísað til allra nefnda

Þingskjal nr. 8 – Tillaga að ályktun um stefnumótun. Vísað til allra nefnda

Þingskjal nr. 9 – Tillaga að ályktun um Vetraríþróttamiðstöð. Vísað til allra nefnda

Þingskjal nr. 10 – Tillaga að ályktun um skráningu iðkenda hjá ÍSÍ. Vísað til allra nefnda

Þingskjal nr. 11 – Tillaga að ályktun um transfólk. Vísað til allra nefnda

Þingskjal nr. 12 – Tillaga að staðsetningu Skíðapings 2024. Vísað til allsherjarnefndar

Þingskjal nr. 13 – Tillaga um bikarmót í skíðagöngu. Vísað til skíðagöngunefndar

14) Þinginu skipt upp í nefndir / málstofur kynntar

Á þinginu verða fjórar nefndir: alpagreinaneftnd, skíðagöngunefnd, snjóþrettaneftnd og allsherjarnefnd.

Tillaga stjórnar um formenn, en þingfulltrúar taka sæti í nefndum eftir áhuga á þingi.

- Alpagreinaneftnd – Sigurður Sveinn Nikulásson
- Skíðagöngunefnd – Einar Ólafsson
- Snjóþrettaneftnd – Aðalsteinn Valdimarsson
- Allsherjarnefnd – Jón Egill Sveinsson

Allir nefndir taka til starfa og klára í fyrramálið kl. 9.

Þingfundi frestað til morguns kl. 13:00.

Að loknum fundi nefnda á laugardagsmorgni var haldinn almennur og vel heppnaður umræðufundur um málefni alpagreina og önnur mál hreyfingarinnar.

Laugardagur 21. október

Þingfundi framhaldið kl. 12:50.

15) Tillögur og ályktanir afgreiddar

Þingskjal 1 - Gjaldskrá SKÍ 2024

Afareiðsla þingnefnda: Allsherjarnefnd: Samþykkt. Alpagreinaneftnd: Samþykkt. Brettaneftnd: Samþykkt. Skíðagönguneftnd: Samþykkt.

Gjaldskrá SKÍ á starfstímabilinu 2023-2024 verði sem hér segir:

Gjaldskrá SKÍ 2023-2024

- Gjald fyrir keppnisleyfi FIS **kr. 7.000** skv. ákvörðun FIS
 - Mótagjöld renna óskipt til mótshaldara:
 - Bikarmót SKÍ, ENL mót **kr. 3.500** pr. grein
 - Unglingameistaramót **kr. 4.000** pr. grein
 - FIS mót, SMÍ, SBÍ og SB mót* **kr. 5.500** pr. grein
- *SB mót: bikar- og alþjóðlegmót á snjóbrettum

Félagsgjald SKÍ

4.500 kr. pr. iðkenda pr. félag
<p>Rukkað í tveimur greiðslum: 15. október og 15. desember</p> <p>Farið er eftir starfsskýrslum úr Sportabler, skráningakerfi ÍSÍ/UMFÍ. Starfsskýrslum er skilað inn á vorin fyrir almanaksárið á undan.</p> <p><i>Skýringar: Starfsskýrslu vorið 2023 er skilað inn. Iðkendatalan er því almanaksárið 2022. Rukkun í lok árs 2023 er því fyrir iðkendur 2022.</i></p> <p style="text-align: center;"><i>Það er á ábyrgð aðildarfélaga að tryggja að réttar iðkenda upplýsingar séu skráðar í Sportabler (skráningakerfi ÍSÍ/UMFÍ).</i></p>

Gjöld vegna eftirlitsmanna og dómara:

Dagpeningar eftirlitsmanna og dómara SKÍ	Kr. 15.000 per dag	Greiðist af mótshaldara
Dagpeningar eftirlitsmanna FIS	Skv. gjaldskrá FIS	Greiðist af mótshaldara
Gisting og fæði eftirlitsmanna og dómara*	Bókast af mótshaldara	Greiðist af mótshaldara
Ferðalag eftirlitsmanna og dómara	Bókast af SKÍ	Greiðist af SKÍ

*SKÍ greiðir kostnað vegna dómara á snjóbrettamótum ef mót lítur út fyrir að enda í tapi.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Þingskjal 2. Fjárhagsáætlun 2024

Afgreiðsla þingnefnda: Allsherjarnefnd: Samþykkt, Ísfirðingar viðruðu með lægra gjald fyrir yngstu flokkana. Alpagreinanefnd: Samþykkt. Brettaneftnd: Samþykkt. Skíðagöngunefnd: Samþykkt.

Rekstrartekjur	Áætlun 2024
Árgjöld og styrkir	102.200.000
Tekjur af mótum	8.500.000
Framlag afreksfólks	15.000.000
Aðrar tekjur	18.500.000
Samtals	144.200.000

Rekstrargjöld	Áætlun 2024
Íþróttastarf	104.500.000
Kynning fræðsla og útbreiðsla	4.000.000
Rekstur skrifstofu og stjórnar	34.535.000
Samtals	143.035.000

Afkoma reksturs (-tap)	1.165.000
------------------------	-----------

Fjármuntekjur og gjöld	
Vaxtatekjur	180.000
Vaxtagjöld verðbætur	-20.000
Afskriftir	-500.000
Samtals	-340.000

Hagnaður (-tap) ársins	825.000
------------------------	---------

Samþykkt samhljóða af þingfulltrúum.

Þingskjal 3 – Tillaga til breytinga á 1. gr. staflíð A

Allsherjarnefnd: Samþykkt eftir nokkrar umræður.

1. Breyttur staflíður a í 1. gr. laga SKÍ sem hljóðist svo:

Skíðasamband Íslands, SKÍ, er samband íþróttafélaga innan héraðssambanda og íþróttabandalaga. Öll félög innan ÍSÍ sem iðka, æfa og keppa í skíða- og snjóbrettaíþróttum samkvæmt Alþjóðaskíðasambandinu (FIS), Alþjóðatvíkeppnissambandinu¹ (IBU) og Alþjóða snjóbrettasambandinu (WSF) geta átt aðild að SKÍ, enda eru lög þeirra í samræmi við lög SKÍ og ÍSÍ. Hér eftir nefnd aðildarfélög.

2. Breyting á lið 10. b í 2. gr. laga SKÍ sem hljóðist svo:

¹ Tvö heiti hafa viðgengist á íþróttagreininni. Annars vegar skíðaskotfimi, sem lýsir hinni hefðbundnu útgáfu af íþróttinni og ólympísku greininni vel og hins vegar tvíkeppni, sem er í betra samræmi við hið alþjóðlega nafn greinarinnar.

Fara með aðild Íslands að FIS, IBU og WSF, sem og að öðru alþjóðlegu samstarfi.
Samþykkt samhljóða af þingfulltrúum.

Þingskjal 4. - Tillaga til breytinga á 1. gr. staflið B

Alsherjanevnd leggur til að tillagan verði felld.

Samþykkt að fella þessa tillögu.

Þingskjal 5 – Tillaga til breytinga á reglugerð um Íslandsgöngur

Gönguskiðanefnd samþykkti að leggja til að lið verði 2-6 að lágmarki og liður tvo fellur á brott. Tillagan er því borin upp þannig:

- 1) 1.-3. ml. 1 mgr. hljóðist svo: Samhliða Íslandsgöngunni er keppt í liðakeppni. Skrá þarf lið til leiks í Íslandsgöngunni á þar til gerðu skráningarblaði til Skíðasambands Íslands, eigi síðar en 5. janúar ár hvert. Hvert lið samanstendur af tveimur til sex keppendum.
- 2) 4. ml. falli á brott: Hvert lið þarf að hafa að lágmarki tvo af hvoru kyni í sínu liði.
- 3) Annað óbreytt.

Samþykkt samhljóða af þingfulltrúum.

Þingskjal 6 – Tillaga að breytingum á reglugerð um UMI í alpagreinum

Alpagreinanevnd leggur til við þingið að tillagan verði felld.

Samþykkt samhljóða að fella þessa tillögu.

Þingskjal 7 – Ályktun um mótakerfi SKÍ.

Afgreiðsla þingnefnda: Allsherjarnefnd: Samþykkt, Ísfirðingar viðruðu með lægra gjald fyrir yngstu flokkana. Alpagreinanevnd: Samþykkt. Brettanevnd: Samþykkt. Skíðagöngunefnd: Samþykkt.

Skíðaðing, haldið á Sauðárkróki 20. og 21. október 2023, samþykkir að mótakerfi SKÍ verði notað við innskráningu allra móta á vegum sambandsins. Enn fremur að það verði nýtt til innheimtu og greiðslu skráningargjalda til mótshaldara, útreikninga bikarstiga í mótum á vegum sambandsins.

Einnig er samþykkt að SKÍ bjóði fulltrúum aðildarfélaga SKÍ upp á námskeið í notkun forritsins í vetur fyrir einstakar greinar.

Samþykkt samhljóða.

Þingskjal 8 - Tillaga að ályktun um stefnumótunarnefnd

Alsherjanevnd: samþykkt eftir nokkrar umræður.

Skíðaðing, haldið á Sauðárkróki 20. og 21. október 2023 samþykkir að fela stjórn SKÍ að koma á vinnuhópi innan sambandsins um framtíðarstefnumótun sambandsins, hlutverki SKÍ, stefnu í helstu málaflokkum og verkaskiptingu milli sambandsins og félaga. Óskað verði eftir tilnefningum úr röðum aðildarfélaga SKÍ.

Umfjöllunarefni taki til m.a.:

- Endurskoðun íþrótt- og afreksstefnu sambandsins
- Aðstöðu fyrir skíða-, brettaíþrótt og skíðaskotfimi
- Hlutverki og verkaskiptingu milli SKÍ og félagana

Vinnuhópnum verði falið að skila tillögum fyrir næsta þing sambandsins, haustið 2024, og að stjórn geri hópnum erindisbréf í samræmi við ályktun þessa. Enn fremur er gert ráð fyrir að

starfsfólk sambandsins vinni með hópnum. Möguleikar eru á að skipa vinnuhópa um einstaka málaflokka eftir þörfum hverju sinni.

Samþykkt samhljóða af þingfulltrúum.

Þingskjal 9 - Tillaga að ályktun um Vetrariþróttamiðstöð

Alsherjanefnd: Samþykkt.

Skíðaðing, haldið á Sauðárkróki 20. og 21. október 2023, fagnar því að vinna við stefnumótunn Vetrariþróttamiðstöðvar á Norðurlandi (VMÍ) er hafin. Jafnframt hvetur þingið Alþingi og sveitarfélög á Norðurlandi í að hraða vinnu við markmiðsetningu, hlutverki og uppbyggingu VMÍ.

Skíðaðing fagnar fram komnum hugmyndum um að sveitarfélög, frá Sauðárkróki í vestri að Norðurþingi og Mývatnssveit í austri eigi aðild að Vetrariþrótt. Með því verður hægt að skapa heildstæða og víðataeka starfsemi undir vetrariþróttir hér á landi, gefa almenningi aukin tækifæri til iðkunar vetrariþróttar, skapa aukin tækifæri fyrir vetrariþróttaiðkun almennings og keppnisfólks.

Samþykkt samhljóða af þingfulltrúum.

Þingskjal 10 - Tillaga að ályktun um skráningu undirgreina

Afgreiðsla þingnefnda: Allsherjarnefnd: Samþykkt. Alpagreinanefnd: Samþykkt. Brettanefnd: Samþykkt. Skíðagöngunefnd: Samþykkt.

Skíðaðing, haldið á Sauðárkróki 20. og 21. október 2023, hvetur ÍSÍ til að taka upp skráningar iðkenda eftir einstökum undirgreinum íþróttar, ekki bara eftir sérsamböndum.

Samþykkt samhljóða af þingfulltrúum.

Þingskjal 11 - Ályktun um transfólk

Afgreiðsla þingnefnda: Allsherjarnefnd: Samþykkt. Alpagreinanefnd: Samþykkt. Brettanefnd: Samþykkt. Skíðagöngunefnd: Samþykkt.

Skíðafélag Strandamanna leggur til að stofnuð verði nefnd innan Skíðasambands Íslands sem fer með málefni transfólks og vinnur að inngildingu þessa hóps og finna leiðir fyrir öll til að taka þátt og keppa. Eins og rannsóknir hafa margsýnt stuðla íþróttir að betri líkamlegri og andlegri heilsu, eru frábær forvörn og styrkja fólk félagslega. Því er mikilvægt að öll upplifi sig velkomin í íþróttum.

Samþykkt samhljóða af þingfulltrúum.

Þingskjal 12 - Tillaga um staðsetningu Skíðapings 2024

Alsherjanefnd: Samþykkt.

Skíðaðing, haldið á Sauðárkróki 20. og 21. október 2023, samþykkir að Skíðaping 2024 verði haldið á Ísafirði í samvinnu við heimamenn.

Samþykkt samhljóða af þingfulltrúum.

Þingskjal 13 – Tillaga að breytingu á reglugerð um Bikarmóta í skíðagöngu:

Gönguskíðanefnd: Samþykkt.

Grein 1 hljóðist svo:

Um bikarmót

1. Árlega skal fara fram bikarkeppni SKÍ í skíðagöng í öllum flokkum unglunga og fullorðinna karla og kvenna. Keppt skal í eftirfarandi flokkum:

	2023/2024	2024/2025	2025/2026
Fullorðingsflokkur (FIS)	Allir 2008 og eldri	Allir 2009 og eldri	Allir 2010 og eldri
19-20 ára (FIS)	2004 og 2005	2005 og 2006	2006 og 2007
17-18 ára (FIS)	2006 og 2007	2007 og 2008	2008 og 2009
15-16 ára	2008 og 2009	2009 og 2010	2010 og 2011
13-14 ára	2010 og 2011	2011 og 2012	2012 og 2013

Fjöldi móta skal vera eftirfarandi að lágmarki en geta verið fleiri eða færri:

13 ára og eldri	Þrjú bikarmót auk SMÍ.
-----------------	------------------------

Samþykkt af þingfulltrúum. Þrjú voru á móti.

16) Kosningar

Formaður kjörnefndar bar fram eftirtaldar tillögu um stjórn nefnda til næstu tveggja ára.

Formaður: Bjarni Theodór Bjarnason.

Aðrir í stjórn: Gísli Reynisson, Hugrún Elvarsdóttir og Jón Egill Sveinsson.

Formaður alpagreinanefndar: Sigurður Sveinn Nikulásson.

Formaður skíðagöngunefndar: Einar Ólafsson

Formaður snjóþrettanefndar: Aðalsteinn Valdimarsson

Varmenn í stjórn þessari röð:

1. Katrín Einarsdóttir
2. Davíð Björnsson
3. Jóna Lind Kristjánsdóttir

Laga- og reglugerðarnefnd: Ása Sandholt og Þórunn Sif Harðardóttir

Aganefnd: Brynhildur Georgsdóttir og Smári Þorvaldsson

Skoðunarmenn ársreikninga

Aðalmenn: Smári Þorvaldsson, Þórunn Sif Harðardóttir

Til vara: Hrefna Magnúsdóttir, Sigrún Inga Kristinsdóttir

Samþykkt með lófaklappi.

17) Kosning fulltrúa á næsta reglulega þingi ÍSÍ

Þingforseti lagði til að þessum lið yrði vísað til stjórnar.

Samþykkt með hreinum meirihluta.

18) Önnur mál

Guðmundur Guðjónsson tekur til máls og lagði til svohljóðandi ályktun:

Skíðaðing Skíðasambands Íslands haldið á Sauðárkróki 20.-21. október 2023 skorar á Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðisins að tryggja rekstur Skálafells á komandi vetri. Í fundargerð frá stjórnarfundum SSH 16. október síðastliðinn kemur fram að búið er að fresta framkvæmdum við uppbyggingu í Skálafelli ásamt því að opnun Skálafells verði tilfallandi. Í Skálafelli er eina löglega keppnis brekkan í stórsvigi á suðvesturhorni landsins. Næstkomandi

vetur er gert ráð fyrir að halda 90 ára afmælistótt skíðadeildar KR ásamt Skíðalandsmótt Íslands. Móttin eru alþjóðleg og kominn á keppnisdagatal FIS.

Ákvörðun SSH um að hafa aðeins tilfallandi opnun í Skálafelli setur þessi áorm í algjöra upplausn þar sem ekki eru löggildar brekkur í Bláfjöllum til að halda þessi mótt. Það hefur gríðarleg áhrif ef skíðafélögin á höfuðborgarsvæðinu geta ekki haldið mótt sem standast kröfur.

Skíðarþing Skíðasambands Íslands skorar á SSH að endurskoða ákvörðun sína og tryggja opnun Skálafells á komandi vetri.

Samþykkt samhljóða.

Spurning um alpatvíkeppni.

Ekki fleiri spurningar úr sal og Viggó Jónsson þakkar fyrir góðan fund.

19) Þingslit

Bjarni Th. Bjarnason, formaður SKÍ þakkar fyrir gott þing og segist hlakka til að vinna með skíðahreyfingunni á næstu misserum.

Að því loknu sleit formaður Skíðarþingi 2023 og þakkaði heimamönnum fyrir undirbúning þingsins og öðrum góðrar heimferðar.

Þingforseti
Viggó Jónsson

Þingritarar
Hildur Haraldsdóttir og Jónas Egilsson